



VORTÓNLEIKAR

5. SINFÓNÍA BEETHOVENS OG 'SOS' SINFÓNÍA JÓNS HLÖDVERS ÁSKELSSONAR

STJÓRNANDI BJARNI FRÍMANN BJARNASON

EINLEIKARI Á MORSTÆKI ARNGRÍMUR JÓHANNSSON

Ávarp



Á sama tíma og ljós vorsins og örlögin færa okkur gleði hljómkviðunnar þá erum við minnt á örlög milljóna manna í heiminum, sem búa við ófrelsi og ógnir hvers konar. Þegar Fimmta sínfónía Beethovens bankaði upp á voru mörg ríki Evrópu í rúst eftir Napóleóns-styrjaldirnar. Beethoven hóf verkið með tvöföldu sigurtákni úr Morse-táknmálinu, sem var þó ekki fundið upp fyrr en 20 árum síðar. Þetta var táknið fyrir stafinn V, sem þýðir „victory“, eða sigur á íslensku. Sigurhvatning Beethovens var þó ugglaut þá og síðar tengd sigri ljóss og friðar. Þegar sú Fimmta var frumflutt þótti verkið mikið framúrstefnuverk, enda var frumherjinn Beethoven að opna nýja ljósgátt inn á svið sínfónískra tónverka sem hvað skærast hefur logað í á þriðju öld. Verk verða alltaf ný við hvern endurflutning. Morse-táknmálið er svo sannarlega ekki tónlistarmál, þó bankaði „morsið“ á hlustir undirritaðs sem nýstárleg djasstónlist í flutningi Arngríms Jóhannssonar, flugmanns og loftskýtamanns.

Boð um köllun: neyðar eftir björgun, myrkurs eftir ljósi, stríðs eftir friði, svo sterk rödd að aftur varð ekki snúið og sínfónía í fimm þáttum varð niðurstaðan.

Lán mitt er þó mikið að Sínfóníuhljómsveit Norðurlands, sem ég fékk að aðstoða við að slíta barnsskónum, flytji verkið. Lán var það líka að örlagavaldur verksins, Arngrímur Jóhannsson, heimssnillingur í „morsi“ er einleikari í flutningi verksins. Síðast en ekki síst er mitt lán að Bjarni Frímann Bjarnason hafi lært ögn í „morsi“, en sé umfram allt mikils metinn og frábær hljómsveitarstjóri. Ég býð ykkur, áheyrendur góðir, velkomin til leiks í von um að gleðja meg.

Með kærri kveðju.
Jón Hlöðver Áskelsson



Efnisskrá



SOS sínfónía | frumflutningur

- I Hjálparkall
- II Lux illuxit
- III Ljósið skín í myrkrinu
- IV Ljósið kemur langt og mjótt.
- V Finale-Friður

HLÉ

Sínfónía nr.5 | í c - moll, op.67

- I Allegro con brio
- II Andante
- III Scherzo: Allegro
- IV Allegro - Presto

Höfundar tónlistar

Jón Hlöðver Áskelsson
Ludwig van Beethoven



Hljómsveitarstjóri

Bjarni Frímann Bjarnason

Einleikari

Arngrímur Jóhannsson



Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Ludwig van Beethoven



Ludwig van Beethoven (1770 – 1827) fæddist í borginni Bonn í Þýskalandi. Þangað hafði afi hans og nafni sem flust 21 árs að aldri til að starfa sem söngvari (og síðar tónlistarstjóri) við hirð erkibiskupsins af Köln. Sonur Ludwigs eldri, Johann Beethoven, starfaði síðan einnig sem söngvari við hirðina og stundaði hljóðfærakennslu samhliða því. Það lá því beint við að sonur Johannis og eiginkonu hans, Mariu Magdalenu (sá fyrsti sem komst á legg) fengi tilsögn í tónlist. Þegar á fimmta aldursári fór Ludwig yngri þannig að fá kennslu í hljómborðsleik, á fiðlu og á víólu bæði frá föður sínum og ýmsum vinum fjölskyldunnar. Ludwig mátti þola ýmislegt í tónlistarnáminu sem ekki þætti boðlegt á okkar tímum, svosem að vera dreginn framúr rúminu um nætur til æfinga.

Johann Beethoven gerði einhverjar tilraunir til að koma syni sínum á framfæri sem „undrabarni“ í tónlist að fyrirmynd Leopolds Mozart og hélt því þannig fram að Ludwig sonur hans væri sex ára þegar hann kom fyrst fram á tónleikum árið 1778 þegar hann var í raun á áttunda aldursári. Hins vegar varð lítið úr þeim draumum og kom meðal annars til óreiða og drykkjuskapur Johannis. Ludwig slapp þannig að mestu við tónleikaferðalög og sýningar af því tagi sem Mozart systkinin stóðu fyrir á sínum yngri árum.


Beethoven reyndi dálítið fyrir sér við tónsmíðar á yngri árum en þær vöktu þó enga sérstaka eftirtekt og þegar leið á táningsaldurinn virðist hann að mestu hafa lagt slíkt til hliðar. Þar hjálpaði eflaust ekki til óreiða í heimilislífinu og drykkjuskapur föður hans. Árið 1789 var málum svo komið að Johann Beethoven var rekinn frá hirð erkibiskupsins og helmingurinn af eftirlaunum hans ráðstafað beint til elsta sonar hans, Ludwigs sem þá var 19 ára, svo tryggja mætti framfærslu fjölskyldunnar.

Þegar kom framá tvítugsaldurinn urðu hins vegar ákveðin vatnaskil hjá Beethoven. Hann flutti frá Bonn til Vínar og fékk þar tækifæri til að vaxa og dafna sem listamaður. Óhætt er að telja Beethoven meðal áhrifamestu tónhöfunda sem uppi hafa verið. Tónlist hans ber vissulega skýrt svipmót þess tíðaranda þegar hann var uppi. Þannig eru fyrstu tónverkin sem hann samdi í klassískum stíl og undir skýrum áhrifum helstu tónskálda þess tíma eins svo sem Haydns og Mozarts. Hann naut meðal annars leiðsagnar Haydns á árunum 1792 – 1794 og kynnti sér mjög gaumgæfilega flest sem Mozart samdi. Hins vegar er jafnframt mikill sköpunarkraftur í tónlist Beethovens og viðleitni til að þróa áfram tungumál tónlistarinnar. Hann er að því leyti meðal þeirra tónhöfunda sem einna skýrast marka upphaf rómantísku stefnunnar í tónlist.

Sinfónía Beethovens númer 5 í c moll er sennilega hans þekktasta tónverk. Frumflutt í Vín árið 1808 og hefur allar götur síðan verið meðal þeirra tónverka sem oftast eru flutt á tónleikum. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands flutti 5. Sinfóníu Beethovens fyrst á tónleikum í Glerárkirkju á skírdag, 5. apríl 2007.



Jón Hlöðver Áskelsson fæddist á Akureyri 4. júní árið 1945 og ólst þar upp. Tónlistarnám stundaði hann við Tónlistarskólann á Akureyri 1955-1965, jafnhliða almennri menntun, en stúdentsprófi lauk hann frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1965. Þaðan lá leið hans í Tónlistarskólann í Reykjavík haustið 1965, hvaðan hann lauk söngkennaraprófi (tónmenntakennaraprófi) vorið 1967. Framhaldsnám í tónlist stundaði hann síðan við Mozarteum-akademíuna í Salzburg í Austurríki, Orff Institut, 1967-1969 og við Tónlistarháskólann í Hannover í Þýskalandi 1969-1970. Haustið 1970 réðist Jón Hlöðver sem kennari við Tónlistarskólann á Akureyri og síðar skólastjóri við sama skóla 1974-1982 og aftur 1984-1991. Á árunum 1982-84 starfaði hann sem námsstjóri tónlistarskóla landsins við Menntamálaráðuneytið í Reykjavík. Hann var framkvæmdastjóri Kammerhljómsveitar Akureyrar í sex ár, en sú hljómsveit varð svo uppistaðan í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Tónsmíðar hafa verið aðalstarf hans frá árinu 1990. Hann var valinn bæjarlistamaður Akureyrar árið 1990 og hlaut síðar fjögurra ára starfslaun úr Tónskáldasjóði Íslands. Hann kvæntist Sæbjörgu Jónsdóttur í júní 1969 og eiga þau þrjú börn, sjö barnabörn og tvö barnabarnabörn.



Bjarni Frímann Bjarnason er fæddur í Reykjavík árið 1989. Hann hóf að leika á fiðlu fjögurra ára gamall og stundaði nám hjá Lilju Hjaltadóttur og Guðnýju Guðmundsdóttur. Hann lauk prófi í lágfiðluleik frá Listaháskóla Íslands vorið 2009. Frá 2011 hefur hann stundað nám í hljómsveitarstjórn undir handleiðslu Fred Buttkewitz við Tónlistarháskólann Hanns Eisler í Berlín. Vorið 2012 vann hann fyrstu verðlaun í Hanns Eisler-keppninni í Berlín fyrir frumflutning á píanótilbrigðum eftir Viktor Orra Árnason. Sama ár hlaut hann undirleikaraverðlaunin í ljóðasöngkeppni sem kennd er við Paulu Salomon-Lindberg í sömu borg.

Bjarni hefur komið fram víðsvegar um Evrópu, bæði sem strengja- og hljómborðsleikari. Hann stjórnar strengjasveitinni Skark, sem hefur á undanförnum árum staðið fyrir nýstárlegum flutningi nútímatónlistar.



Arngrímur B. Jóhannsson hóf söngferil sinn níu ára gamall hjá Björgvini Jörgenssyni hjá Barnakór Akureyrar, þar sem hann var einsöngvari um árabil. Árið 1953 fór hann með kórnum til Noregs, þar sem teknar voru upp hljómplötur sem enn eru í spilun á útvarpsstöðvunum. Arngrímur stundaði einnig fiðlunám og æfði um tíma með Lúðrasveit Akureyrar og þótt tónlistarferillinn hafi ekki verið langur dvínaði áhugi hans aldrei á tónlist nema síður sé.

Arngrímur var aðeins 14 ára þegar hann hóf flugferil sinn hjá Svífflugfélagi Akureyrar á Melgerðismelum í Eyjafirði. Fyrsta flugskírteini sitt fékk hann í svífflugi 1958 og sama ár lauk hann námi í Loftskýtaskólanum. Ári síðar tók hann einkaflugmannspróf og árið 1966 hófst atvinnuflugmannsferill hans. Árið 1968 fékk hann réttindi sem siglingafræðingur.

Árið 1969 hélt Arngrímur til Biafra og flaug þar vélum Flughjálpar með mat og aðrar lífsnauðsynjar til þurfandi í stríðshrjáðu landi. Að því tímabili loknu starfaði hann sem siglingafræðingur og síðar aðstoðarflugmaður hjá Loftleiðum. Árið 1974 gerðist Arngrímur yfirflugstjóri á Boeing 720 þotum flugfélagsins Air Viking. Árið 1976 var Arngrímur í framvarðasveit við stofnun flugfélagsins Arnarflugs. Hann sat í stjórn þess félags um árabil og var yfirflugstjóri þess.

Árið 1984 gerðist hann hluthafi í flugskólanum Flugtak. Það sama ár stofnaði hann ásamt öðrum flugfélagið Air Arctic. Arngrímur og þáverandi eiginkona hans, Þóra Guðmundsdóttir, stofnuðu Flugfélagið Atlanta í febrúar árið 1986. Í fyrstu voru verkefni fá. Arngrímur tók þá að sér að ferjufljúga Boeing 707 þotum til niðurrifs. Árið 1988 lagaðist verkefnastaða hins unga félags og það hefur vaxið allar götur síðan og notið mikillar velgengni. Félagið átti hug og hjarta Arngríms í þau 20 ár sem hann kom að rekstri þess.

Þann 29. mars 2005 flaug Arngrímur sitt síðasta atvinnuflug. Þá átti hann að baki 19.000 flugtíma, um 600 tíma sem loftsiglingafræðingur og 200 tíma í svífflugi.

Eftir að atvinnuflugmannsferlinum lauk var Arngrímur síður en svo hættur afskiptum af flugmálum. Hann gegndi um tíma embætti forseta Flugmálafélags Íslands og situr í stjórn Flugsafns Íslands. Listflug og svífflug eru honum hjartfólgin og hann er mikill áhugamaður um íslenska flugsögu.

Arngrímur er einnig mikill áhugamaður um norðurslóðir og stofnaði ásamt öðrum Heimskautaréttarstofnun árið 2015 og kom á fót Norðurslóðasetrinu, Into the Arctic, á Akureyri árið 2017. Arngrímur fagnaði 80 ára afmæli sínu árið 2020, á afmælisári Beethovens.

Byggt á grein sem birtist á vef flugsafnsins
í tilefni áttæðisafmælis Arngríms



Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er nútímaleg og verkefnamiðuð hljómsveit. Sveitin var stofnuð árið 1993 og hefur vaxið mikið undanfarin ár, sem hluti af rekstri Menningarfélags Akureyrar. Fyrir utan að hafa í hávegum flutning á klassískri tónlist hefur hljómsveitin á síðustu árum sérhæft sig í upptökum á kvikmyndatónlist og stuðlað að frumflutningi á nýrri íslenskri sinfónískri tónlist. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands brýtur múra milli tónlistarstefna og leitast við að brúa bilið milli áheyrenda og flytjenda með samstarfi við listamenn úr öðrum geirum tónlistarlífsins. Frábær árangur hljómsveitarinnar ber þess vitni að starfsemi hennar hefur unnið sér sess á Akureyri hjá bæði áheyrendum og listamönnum sem öflug uppspretta afþreyingar, frumsköpunar og atvinnutækifæra.

Hljómsveitarskipan Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands



1. fiðla

Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Olga Ólafsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Justyna Bidler
Marcin Lazarz
Zsuzsanna Bitay
Martin Frewer

2. fiðla

Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Sigríður Baldvinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Tomasz Kolosowski
Marika Alavere

Viola

Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Eydís Úlfarsdóttir

Selló

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Ásdís Arnardóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan

Horn

Kjartan Ólafsson
Helgi Svavarsson

Flauta

Katrin Heymann
Petrea Óskarsdóttir
Una Björg Hjartardóttir

Klarinett

Ármann Helgason
Finn Schofield

Óbó

Matthías Nardeau
Gillian Haworth

Fagott

Dagbjört Ingólfssdóttir
Brjánn Ingason
Emilía Rán Benekiktsdóttir

Trompet

Vilhjálmur Sigurðarson
Sóley Björk Einarsdóttir

Básúna

Carlos Caro Aguilera
Sigurður Þorbergsson
Heimir Guðmundsson

Saxófónn

Sigurður Flosason
Michael Weaver

Slagverk

Emil Þorri Emilsson
Ricardo Costa Oliveira
Hjörleifur Örn Jónsson
Matiss Leo Meckl

Celesta | harmonium

Daníel Þorsteinsson

Harpa

Elísabet Waage

Um morsið



Árið 2022 eru 150 ár liðin frá andláti Samuels Finley Breese Morse (f. 29.05 1792 – d. 2. apríl 1872). Morse naut viðurkenningar sem listmálari og uppfinningamaður. Heimsfrægð hlaut hann árið 1837 fyrir að finna upp rafsegulbúnað, þar sem unnt var að senda skeyti styttri eða lengri vegalengd með sérstöku merkjamáli um raflínu. Merkjamálið þróaðist í samvinnu margra aðila og náði alþjóðlegri útbreiðslu hálfri öld síðar, þegar Guglielmo Marconi fann upp notkun útvarpsbylgjunnar. Þetta merkilega táknmál og sendingar þessar bera nafn upphafsmanns síns, Morse. Morsið er radiósendamál, myndað úr stuttum og löngum tónum og hefur bjargað gríðarlegum fjölda mannlífa í hvers kyns stríðs-, sjávar- og slysháska í nær 150 ár.



Umsögn höfundar um SOS sínfóníuna



Haustið 2017 varð ég fyrir sterkum áhrifum á Norðurslóðasetrinu á Akureyri, er Arngrímur Jóhannsson, loftskýtamaður, flugmaður, forstöðumaður og eigandi safnsins, „morsaði“, á gamalt morstæki úr síðutogaranum Harðbak frá 1959, fyrir mig setninguna „ljósið skín í myrkrinu“ og SOS.

Morstónfallið vakti upp hugmyndir og hugrenningatengsl. Morshljóð, sem oft skildu að ljós og myrkur, líf og dauða, tengjast bæði sorg og gleði.

Sínfónían er í fimm þáttum. Í fyrsta þætti er það hjálparkallið SOS og því svara ýmist myrk og sorgleg skeið, eða björt og glöð. Örvænting og óþolinmæði, í bland við draumsýnir, togast á í þættinum.

Annar þáttur heitir Lux illuxit. Þar er barátta ljóss og myrkurs í öndvegi. Þátturinn hefst á stafi úr sekvensíu úr týndri messu tileinkaðri Ólafi Tryggvasyni, Noregskonungi, en hann gekk undir viðurnefninu sá helgi og þar hljómar fjölröddunin sem fær að skína, en myrkrið reynir að gera sig gildandi, en með takmörkuðum árangri þó.

Í þriðja þættinum er setning úr Jóhannesarguðspjalli (1:5) morsuð í kolniðamyrkri: „Ljósið skín í myrkrinu og myrkrið tók ekki við því,“

eða á ensku: „the light shineth in darkness; and the darkness could not comprehend it.“

Hrynmynstur hljóðfæra byggir á morstakti þessarar setningar.

Millipáttur í þessum kafla kemur eins og ljúfur draumur þess sem þráir ljósið, en lýkur með endurtekningu á upphafssetningu, eins konar „tutti“ hljómsveitar.

Í fjórða þætti, Long Light Narrowing, er leikin á tvö klukknauspil, víbrafón, hörpu og celestu, með sama ryþma í öllum hljóðfærum, upphafssetning og inntak setningar úr íslenska þjóðlaginu „Ljósið kemur langt og mjótt/logar á fífustöngum (kyndlum),“ á ensku: „Long and narrow beams the light, bright burning on the candles.“

Í fimmta þættinum, Finale, er það friðarljósið langa og mjóa sem vitnað er í, eða stef úr sama þjóðlagi.

Í lok þáttarins einleikur á morssendi: „Lát ljósgeisla skína um veröld alla og visku og frið um allan heim.“ Á ensku: „Let your light's rays reach all corners of the earth. Spread wisdom and love the world over.“ Úr ljóði JHÁ.



JANÚAR 2023
Í SAMKOMUHÚSINU

**LEIKFÉLAG
AKUREYRAR**